REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skefilsstaðahreppi, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Seyluhreppi, Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Skagafirði, er svo skipuð að í henni eiga sæti 13 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd (eða framkvæmdanefnd) skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 10 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna) og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins (eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu) sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa í samvinnunefnd (og framkvæmdanefnd). Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar og aðstoðar embættisins við nefndina.

Kostnaður vegna fundahalda greiðist af því sveitarfélagi þar sem fundur er haldinn hverju sinni en af embætti skipulagsstjóra sé hann haldinn í Reykjavík.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af embætti skipulagsstjóra og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnum miðað við íbúafjölda. Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr að fenginni tillögu skipulagsstjórnar ríkisins.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 1997. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 13. október 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 567

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli annars vegar, og að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli hins vegar.

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 20. september 1993, sbr. bréf sr. Guðna Þórs Ólafssonar, prófasts, dags. 14. september 1993, til yðar, þar sem farið er fram á annars vegar staðfestingu ráðuneytisins á því, að Staðarsókn í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Hólmavíkursókn í sama prestakalli en hins vegar staðfestingu ráðuneytisins á að Efranúpssókn í Melstaðarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi verði sameinuð Melstaðarsókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreindar breytingar, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfunda, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar."

Nr. 568 17. október 1994

AUGLÝSING

um umferð á Eyrarbakka.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps hefur verið ákveðið:

að umferð um göturnar, Háeyrarvelli, Eyrargötu, Búðarstíg og Túngötu á Eyrarbakka hafi forgang gagnvart umferð frá aðliggjandi húsagötum (botnlöngum).

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Árnessýslu, 17. október 1994.

Karl Gauti Hjaltason ftr.